

Helstu niðurstöður úr skýrslu dr. Hannesar H. Gissurarsonar prófessors um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins 2008 fyrir fjármálaráðuneytið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 19. september 2018

1. Beiting hryðjuverkalaganna bresku 8. október 2008 gegn Landsbankanum, Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu var ruddaleg og óþörf aðgerð. Hún var Bretum til skammar, sagði Mervyn King lávarður, fyrrverandi seðlabankastjóri Breta, skýrsluhöfundur. Því markmiði að koma í veg fyrir ólöglega fjármagnsflutninga mátti ná með tilskipun, sem breska Fjármálaeftirlitið gaf út til útbús Landsbankans í Lundúnum 3. október 2008.
2. Ekki hafa fundist nein merki um ólöglega fjármagnsflutninga bankanna frá Bretlandi til Íslands fyrir bankahrún, þótt breskir ráðherrar hafi haldið því fram í samtölum við íslenska ráðamenn. Rannsóknir á íslensku bönkunum í Bretlandi hafa ekki leitt neitt ólöglegt framferði í ljós. Megnið af breskum innlánnum var notað í fjárfestingar í Bretlandi, sem veittu hátt í 100 þúsund manns vinnu.
3. Bresk stjórnvöld björguðu öllum breskum bönkum með aðgerðum sínum í októberbyrjun 2008 nema þeim tveimur, sem voru í eigu Íslendinga, Heritable og KSF. Þeim var neitað um fyrirgreiðslu og lokað með tilskipunum. Með því mismunuðu stjórnvöld á grundvelli þjóðernis, sem gengur gegn reglum um innri markað Evrópu. Samt var það mál ekki tekið upp af Framkvæmdastjórn ESB.
4. Tvær aðgerðir skiptu miklu máli um þá keðjuverkun, sem varð í bankahrúninu: Danske Bank neitaði Glitni um fyrirgreiðslu í september 2008, þegar hann ætlaði að selja hinn norska banka sinn, með þeim afleiðingum, að Glitnir varð að leita til Seðlabankans um neyðarlán. Það setti af stað bankahrúnið. Breska fjármálaeftirlitið lokaði KSF 8. október með þeim afleiðingum, að móðurfélagið á Íslandi, Kaupþing, féll, því að lánalínur voru háðar áframhaldandi rekstri KSF. Það olli falli síðasta bankans, sem eftir stóð.
5. Bankarnir tveir, sem bresk stjórnvöld lokuðu, Heritable og KSF, reyndust báðir við uppgjör hafa traustan fjárhag. Lánardrottinnar endurheimta nánast allt sitt fé þrátt fyrir gífurlegan kostnað við endurskoðendur og lögmenn. Hins vegar virðast bankar, sem bresk stjórnvöld björguðu, sérstaklega RBS, varla eiga fyrir skuldum.
6. Margar hugsanlegar skýringar eru á hinni ruddalegu og óþörfu framkomu breskra stjórnvalda, lokun Heritable og KSF og beitingu hryðjuverkalaganna. Ein er, að Gordon Brown og Alistair Darling, sem báðir voru frá Skotlandi, hafi viljað sýna Skotum, hvaða áhætta væri fólgin í því fyrir Skota að slíta sambandinu við England. Önnur er, að þeir hafi viljað leiða athyglina frá hinum stórfelldu útgjöldum til að bjarga breskum bönkum. Hin þriðja er, að þeir hafi viljað sýna kjósendum, að þeir gættu breskra hagsmuna af hörku, en sú sýning kostaði þá lítið, þegar Ísland átti í hlut. Hin fjórða er, að þeir hafi viljað bæta vígstöðu sína í væntanlegri Icesave-deilu.
7. Þegar leið fram á árið 2007, veðjuðu vogunarsjóðir og sumir bankar, þar á meðal Danske Bank, á móti íslenskum bönkum og íslensku krónunni. Ólíkt því sem gerðist í Hong Kong 1998, tókst ekki að hrinda áhlaupi þeirra.
8. Bandaríkjamenn neituðu Íslandi um lausafjárfyrirgreiðslu, en veittu ríkjum, sem aldrei hafa verið bandamenn þeirra, til dæmis Svíþjóð og Sviss, slíka fyrirgreiðslu. Stórbankinn UBS í Sviss hefði fallið án þess, en hann reyndi að eyða gögnum um innstæður gyðinga frá stríðsárunum, aðstoða viðskiptavini við skattaundanskot og hagræða ólöglega vöxtum á millibankamarkaði. Bankakerfið í Sviss nam tífaldrí landsframleiðslu og var því stærra hlutfallslega en hið íslenska fyrir bankahrún.
9. Meginskýringin á því, að bandarísk stjórnvöld neituðu Íslandi um fyrirgreiðslu, er líklega sú, að Ísland var ekki lengur hernaðarlega mikilvægt í þeirra augum. Gjaldeyrisskiptasamningur við Bandaríkin hefði hugsanlega gert Seðlabankanum kleift að hafa stjórn á atburðarásinni og fara „sænsku leiðina“, sem sænski seðlabankinn markaði í fjármálakreppunni í Svíþjóð 1991–1992.

10. Rússalánið svonefnda var raunhæfur möguleiki, en Rússar hurfu frá því að veita það, þegar þeir fréttu af því, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri í viðræðum við íslensk stjórnvöld. Eftir að Íslendingar leituðu á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, beittu Bretar og Hollendingar áhrifum sínum innan sjóðsins í því skyni að neyða Íslendinga til að viðurkenna greiðsluskyldu í Icesave-deilunni.

11. Ýmsar erlendar eignir bankanna voru hirtar á smáunarverði, oft með fulltingi stjórnvalda, til dæmis í Noregi, Finnlandi og Danmörku. Samanlagt tap af þessum útsölum kann að hafa numið 4,3 milljörðum evra eða 558 milljörðum íslenskra króna.

12. Siðferðileg greining á framkomu stjórnvalda og kaupsýslumanna, sem hirtu eignir bankanna, sýnir, að þeir nýttu sér neyð Íslendinga á óréttmætan hátt. Ekki var um eðlileg markaðsviðskipti að ræða.

13. Hugsanlega hefði íslenska bankakerfið átt fyrir skuldum, ef það hefði ekki hrunið í október 2008. Ef miðað er við þá forsendu, þá var tapið af fallinu 38,1 milljarðar evra. Þetta tap lenti aðallega á herðum erlendra lánardrottna bankanna, en að nokkru leyti íslensks almennings vegna mistaka við sölu FIH banka í Danmörku, sem ollu tapi að upphæð 514 milljónum evra eða 66 milljörðum íslenskra króna.

14. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda við bankahruninu voru skynsamleg: að reisa varnarvegg um Ísland (ring-fencing) og forðast það, að ríkissjóður tæki að sér skuldir einkaaðila. Þess í stað var innstæðueigendum veittur forgangur í bú bankanna, og hefur sú regla verið tekin upp í Evrópu síðan, ef til vill að fordæmi Íslendinga.

15. Íslendingar mismunuðu ekki á grundvelli þjóðernis, þegar þeir settu neyðarlögin 6. október 2008. Breskir innstæðueigendur nutu sama forgangs og íslenskir. Íslenska þjóðin bar hvorki lagalega né siðferðilega ábyrgð á skuldbindingum bankanna. Málflutningur Breta í Icesave-deilunni var því ekki á rökum reistur, og bresk stjórnvöld skulda íslensku þjóðinni afsökunarbeiðni vegna beitingar hryðjuverkalaganna og framgöngunnar í Icesave-málinu.

16. Einn almennan lærdóm fyrir Evrópu og raunar allan heim má draga af viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við bankahruninu: Með því að gera innstæðueigendur að forgangskröfuhöfum í bú banka verður óþarft að veita bönkum ríkisábyrgð, og þannig minnkar freistnivandi (moral hazard) banka.

17. Gögn sýna, að Seðlabankinn varaði ráðamenn margsinnis í kyrrþey við útpenslu bankanna, og til að takmarka áhættu þjóðarinnar lagði hann m. a. til, 1) að Icesave-reikningar yrðu fluttir úr útbúi í dótturfélag, 2) að Glitnir seldi hinn norska banka sinn, 3) að Kaupþing flytti höfuðstöðvar sínar úr landi. Jafnframt beitti Seðlabankinn í bankahruninu sér fyrir varnarveggshugmyndinni (ring-fencing) og takmörkun skuldbindinga ríkissjóðs.

18. Rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni 2010, að bankarnir hefðu vaxið of hratt og orðið of stórir. Sú niðurstaða er ekki röng, en segir ekki alla sögu. Stærð bankakerfisins var *naudsynlegt* skilyrði fyrir bankahruninu, en ekki *nægilegt* skilyrði fyrir því. Skýra þarf, hvers vegna hætt komnir bankar eins og UBS í Sviss, Danske Bank í Danmörku og RBS í Skotlandi féllu ekki eins og íslensku bankarnir. Það var vegna þess, að þeir fengu þá lausafjárþyrirgreiðslu, sem Íslendingum var neitað um.

19. Ekkert bendir til þess, að eignir íslensku bankanna hafi almennt verið lakari en erlendra banka. Íslensku bankarnir gerðu hins vegar margvísleg mistök, sem voru til þess fallin að vekja andúð og vantraust á þeim erlendis, meðal annars: 1) Kaupþing reyndi að kaupa hollenskan banka haustið 2007, eftir að fjármálakreppan var skollin á; 2) Landsbankinn hóf vorið 2008 að safna innlánnum í útbúi í Hollandi í stað dótturfélags; 3) bankarnir allir lánuðu einum hópi meira en 5,5 milljarða evra samtals eða hátt í þúsund milljarða króna.

20. Það reyndist að sumu leyti blessun frekar en bölvun, að Íslendingum var neitað um lausafjárþyrirgreiðslu, svo að þeir gripu til eigin ráða. Aðrar Evrópuþjóðir hafa enn ekki tekið á þeim skuldavanda, sem Íslendingar urðu að leysa við bankahrunið.